

## Jafnréttisstefna Blönduósbæjar 2014-2018

**Markmið** jafnréttisstefnu er að stuðla að jafnri þátttöku kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins og byggir hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

**Hlutverk** hennar er að samþætta jafnréttismálin öðrum málefnum sveitarfélagsins. Með samþykki jafnréttisstefnu fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á frumkvæði bæjaryfirvalda til aðgerða sem jafna rétt kynjanna.

### **Verksvið jafnréttisnefndar:**

- Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með að jafnri stöðu kynjanna sé framfylgt
- Fylgja eftir jafnréttisáætlun
- Sjá um að jafnréttisstefna sé kynnt á stofnunum og fyrirtækjum í bænum og þau jafnframt hvött til að hafa hana að leiðarljósi
- Taka við málum til umsagnar frá sveitarstjórnnum um málefni sem hana varðar

### **Kynjasambætting**

sbr. 17. gr. laga nr. 10/2008

Allir sem búa og starfa í sveitarfélaginu skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Hugað skal sérstaklega að því að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna og vinna gegn stöðnuðum hugmyndum um hlutverk kynjanna sem hefða frelsi einstaklingsins til að geta notið sín á þeim sviðum sem slíkar staðalímyndir ná til.

Tilgangurinn með gerð jafnréttisstefnu er að vekja athygli á rétti hvers einstaklings til jafnra tækifæra í lífinu og að það sé hagur samfélagssins í heild að virðing sé borin fyrir hæfileikum kvenna og karla.

*Ábyrgð: Byggðaráð og sveitarstjóri.*

*Tímasetning: Við alla ákvarðanatöku og stefnumótun fram til 2018.*

## **Fræðsla , menningar-, íþróttá- og æskulýðsmál**

sbr. 23 grein laga no. 10/2008

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómsundastarfi.

Leggja skal áherslu á að þjálfra kennara svo þeir geti á öllum skólastigum frætt nemendur af báðum kynjum um jafnréttismál. Áhersla skal vera lögð á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í atvinnulífi, félags-, fjölskyldu- sem og einkalífi.

Sveitarstjórn og æskulýðsnefnd skal veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til íþróttaiðkana og íþróttafélögin hvött til hins sama. Kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Kanna þarf brottfall unglunga eftir kynjum úr hefðbundnum íþróttagreinum og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur. Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

*Verkþáttur: Frjáls félagasamtök hvött til að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi sínu.*

*Ábyrgð: Menningar-, tómsunda- og íþróttarnefnd.*

*Tímasetning: Árlega við auglýsingar um styrkumsóknir.*

*Verkþáttur: Gerð skal könnun á þátttöku drengja og stúlkna á grunnskólaaldri í félags- og tómsundastarfi.*

*Ábyrgð: Menningar-, tómsunda- og íþróttarnefnd.*

*Tímasetning: Fer fram árlega.*

## **Jöfn laun, starfsmannaráðningar og starfsaðstæður**

sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008 og 21. gr. laga nr 10/2008

Jafnréttislög kveða á um að konur og karlar sem starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd sömu laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna með vísan í lög um jafna stöðu og rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sbr. 19. grein. Samkvæmt jafnréttislögum er starfsfólki alltaf heimilt að skýra frá launum sínum ef það kýs svo. Gagnsæi launakerfa eða í ákvörðun launa er

lykilatriði varðandi launajöfnuð kynjanna. Áhersla skal lögð á jafnan hlut kynjanna á stjórnunar- og áhrifastöðum. Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Stuðla skal að því að störf flokkist ekki sem sérstök kvenna– eða karlastörf. Unnið skal markvisst með því að auka hlut karla í hefðbundnum kvennastörfum og hlut kvenna í hefðbundnum karlastörfum. Í því sambandi skal leitast sérstaklega við að gæta jafnræðis við mat mismunandi starfssviðs, reynslu og menntunar kvenna og karla. Þannig skal til dæmis leitast við að meta heimilisstörf til starfsaldurs.

Atvinnurekendur skulu koma því við að starfsfólk sveitarfélagsins eigi þess kost að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu svo sem með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu. Konum og körlum verði einnig gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð svo sem umönnun barna og sjúkra fjölskyldumeðlima. Starfsfólki verður þannig auðveldað að samræma fjölskylduábyrgð og ábyrgð í starfi.

*Verkþáttur: Úrtakskönnun á launum starfsmanna í sambærilegum störfum, til að greina hvort um kynbundinn launamun er að ræða hjá sveitarfélaginu.*

*Ábyrgð: Byggðaráð/Sveitastjóri*

*Tímasetning: Annað hvert ár við gerð fjárhagsáætlunar.*

*Verkþáttur: Starfsauglýsingar frá sveitarfélaginu settar fram með jafnréttissjónarmið í huga.*

*Ábyrgð: Sveitarstjóri*

*Tímasetning: Við birtingu aulýsinga.*

## **Kynbundið ofbeldi**

Sbr. 22 grein laga nr 10/2008

Atvinnurekndur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi af einhverju tagi á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustöðum sveitarfélagsins.

*Verkþáttur: Sveitarfélagið gefur út yfirlýsingu um skýra afstöðu sína gegn kynbundnu ofbeldi. Um leið er fómárlömbum þess og aðstandendum bent á að leita sér upplýsinga og leiðbeininga til stuðnings hjá viðeigandi Heilbrigðisstofnum eða Félagsþjónustu sveitarfélagsins.*

*Ábyrgð: Menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd*

*Tímasetning: Fer fram árlega*

### **Nefndir og ráð**

sbr. 15 grein laga nr. 10/2008

Þess skal gætt við tilnefningar sveitarstjórnar í nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Því skal beint til stjórnámálflokka að við uppstillingu á framboðslistum skuli hlutfall kynjanna vera eins og best verður á kosið þ.e. sem jafnast og réttlátast.

*Verkþáttur: Vakin athygli stjórnámálflokka á mikilvægi þess að við uppstillingu á framboðslistum skuli hlutfall kynjanna vera eins og best verður á kosið, þ.e. sem jafnast og réttlátast.*

*Ábyrgð: Menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd*

*Tímasetning: Við alla ákvarðanatöku og stefnumótun.*

### **Endurskoðun og kynning**

Sbr. 12. gr. laga nr. 10/2008

Eftir samþykkt skal jafnréttisstefna kynnt öllum stjórnendum sveitarfélagsins, stéttarfélögum, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Þá skal jafnréttisstefna vera aðgengileg á vefsíðu sveitarfélagsins, einnig skal kynningu hennar út í samfélagið fylgt eftir. Jafnréttisáætlun skal endurskoðast af bæjarráði annað hvert ár.

*Verkþáttur: Endurskoðuð jafnréttisáætlun sett á vefsíðu sveitarfélagsins.*

*Ábyrgð: Bæjarráð*

*Tímasetning: 2014-2018*

***Blönduósbær veitir einu sinni á hverju kjörtímabili  
viðurkenningu til þeirrar stofnunar eða fyrirtækis í  
sveitarfélaginu sem best hefur unnið að framkvæmd***

*jafnréttisáætlunar og/eða sýnt jafnréttismálum sérstakan  
alhug í verki.*

*Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund íbúa  
Blönduósþæjar.*

---